



Reykjavík, 3. apríl 2020
Fundargerð 194. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 3. apríl var haldinn 194. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Haraldur Sverrisson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri og Þóra kr. Ásgeirsdóttir deildarstjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Auk þess sátu fundinn, Ásgeir Þór Ásgeirsson frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH, Pétur Krogh Ólafsson, Reykjavíkurborg og Lóa Birna Birgisdóttir, sviðstjóri mannauðssviðs Reykjavíkurborgar.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Staðan vegna COVID-19 faraldursins

Farið yfir verkefni síðustu daga og stöðuna. Rætt um framhaldið, næstu tvær til þrjár vikur, og fyrirsjáanleg verkefni og hvernig þau snerta mögulega sveitarfélögin.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Skóla- og fræðslumál

Fjallað um skóla- og fræðslumál og sameiginlegt bréf fræðslustjórnanna á höfuðborgarsvæðinu sem mynda skólamálanefnd höfuðborgarsvæðisins.

Afgreiðsla: Kynning. Tekið undir bréf skólamálanefndar.

3. Mönnun og mannaflí sveitarfélagana

Farið yfir mönnun og hvernig greina þarf mannaflaþörf í verkefnum sem verða að vera órofin, sama á hverju gengur. Sveitarfélögin verða að vera undirbúin fyrir að þurfa mögulega færa starfsmenn á milli starfa, aðstoð milli sveitarfélaga, aðstoða ríkisvaldið við sín verkefni og mynda bakvarðahópa.

[Handwritten signatures and initials in blue ink]

Afgreiðsla: Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þurfa að leggja sérstaka áherslu á að kortleggja þann mannafla sem er til staðar hjá þeim og hvaða starfsemi þurfi aðstoð með viðbótarmönnun. Slökkviliðsstjóra falið að senda erindi þess efnis á formann stjórn SSH.

4. Endurreisn

Rætt um að fara að horfa til lengri tíma og þá meðal annars huga að uppbyggingu í kjölfar faraldursins. Mikilvægt að skipuleggja endurreisn, huga að starfsfólki sem er undir álagi o.s.f.


Afgreiðsla: Kynning.

Fundi slitið klukkan 09:15.


Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fylgiskjöl:

– Engin fylgiskjöl.



Dagur B. Eggertsson



Asgerður Halldórsdóttir

Haraldur Sverrisson



Gunnar Einarsson



Rósa Guðbjartsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson